

Innihald pakka

- 1 stk. kassetta með lúsmýneti
- 2 stk. Hliðarbrautir
- 4 stk. Skrúfur fyrir kassettu
- 8 stk. Skrúfur fyrir hliðarbrautir
- 2 stk. Framfestingar á kassettu (ef það á við)
- Segullokun og skrúfur fyrir segullokun (ef það á við)
- Leiðbeiningar um uppsetningu

Áhöld sem þarf

- Borvél og bora í í þessum stærðum:
2mm og 3mm (og að auki 10mm ef hliðarbrautir verða festar upp framan frá en ekki út til hliðanna)
(athugið tegund bora eftir því hvort bora á í tré eða stein)
- Skrufvél
- Málband

Uppsetning

1. Mátið kassettna og hliðarbrautirnar eins og ætlunin er að setja glugganetið upp í gluggann (mátið einnig segullokunina ef þið eruð með segullokunarbraut, hærrí hliðin á að snúa fram á segullokunarbrautinni).


Hliðarbrautunum er rennt upp á kassettna (mynd 2).

Raufin framan á hliðarbrautinni á að snúa að þér svo læsingin inn í hliðarbrautinni virki rétt (ekki er læsing inn í hliðarbrautinni ef segullokunarbraut var keypt en raufin á samt að snúa fram).

Hliðarbrautirnar fara svo ofan í segullokunarbrautina (þegar það á við)

Gætið þess að ekkert hindri að hægt sé að opna og loka glugganetinu (t.d. stormjárn eða gluggakrækjur).

2. Skoðið hvort festa á hliðarbrautirnar til hliðanna eða framan frá (stundum er önnur hliðarbrautin fest til hliðar en hin framan frá t.d. þegar önnur hliðarbrautin festist á áfellu en hin hliðarbrautin á miðju-gluggapóst)



3. Ef nota á segullokunarbraut þá þarf að skoða hvort hún verður boruð niður í gluggakistu eða framan frá á gluggapóst.
4. Takið niður og borið göt í hliðarbrautirnar annað hvort til hliðanna eða framan á eftir því sem við á. Athugið að neðsta skrúfan þarf að vera lágmark 8 cm frá botni annars er hættu á að læsingin skemmist

Ef fest til hliðanna þá notið 3mm bor til að bora götin til hliðanna

Ef fest framan frá þá notið fyrst 3mm bor til að bora gat í gegnum bæði fram og afturhlið.


Notið svo 10mm bor til að bora gatið að framanverðu ofan í 3mm gatið og passið að bora bara í gegnum fyrsta lagið.

Þetta 10mm gat er til að komast að til að skrúfa skrúfuna og því er svo lokað með meðfylgjandi plasttöppum.

Ef nota á segullokunarbraut og festa hana framan frá þá er gert 10mm gat að framan verðu og 3mm gat að aftan verðu eins og með hliðarbraut sem er fest framan frá.

5. Mátið allt aftur og passið að kassettna sé alveg lárétt og hliðarbrautirnar alveg lóðréttar og merkið svo fyrir borgötum í gluggann/áfelluna. Takið allt aftur niður og borið götin í glugga/áfellu eins og þarf og festið svo upp.
6. Dragið glugganetið niður og krækið í læsinguna (eða dragið alveg niður í segullokunarbraut ef það á við)
Til að opna glugganetið þarf að ýta efri hluta handfangsins örlítið aftur á bak til að losa læsinguna og halda svo í haldfangið á meðan netið dregst til baka inn í kassettna.

Mynd 1: Uppsetning kassettna



Mynd 2: Uppsetning hliðarbrauta

